

L Ö G

52

3. marz

um byggingu nokkurra raforkuveitna.**FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að koma upp á árinu 1945 rafveitu, aðalorkuveitu, frá Hafnarfirði til Keflavíkur og Njarðvíkur, Grindavíkur, Gerða-, Miðnes- og Hafnahreppa og annast rekstur hennar fyrst um sinn. Einnig er ríkisstjórninni heimilt að koma upp á árinu 1945 eða 1946 rafveitu, aðalorkuveitu, frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Hveragerðis, Eyrarbakka og Stökkseyrar í Árnassýslu og Þykkvabæjar í Rangárvallasýslu svo og að annast rekstur þeirrar veitu fyrst um sinn. Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að koma upp á árunum 1945—1946 orkuveitum frá Akureyri til Dalvíkur með línu til Hríseyjar og frá Laxárvirkjuninni til Húsavíkur og Reykjahverfis. Ríkisstjórninni heimilast að annast rekstur á þessum veitum fyrst um sinn.

Rekstur á raforkuveitum þessum getur ríkisstjórnin falið rafmagnseftirliti ríkisins eða öðrum opinberum aðila, bæjarfélagi eða hreppsfélagi.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka allt að 12 millj. króna lán til framkvæmda þeirra, er um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 3. marz 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

53

3. marz

um breytingar á lögum um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna, nr. 69 31. des. 1937.**FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

10. gr. laganna orðist þannig:

Ríkissjóður greiðir árlega 700 þúsund krónur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Gjalddagar á tillagi ríkissjóðs eru 1. júlí og 1. október ár hvert.

Fé Jöfnunarsjóðs skal geymt og ávaxtað í tryggri lánsstofnun.